



# Sjálfbærni

## Sporna gegn matarsóun



Skóli: Heilsuleikskólinn Urðarhóll  
Verkefnisstjóri: Birna Bjarnarson  
Númer samnings: Ums-84  
Dagsetning: 2020-2021



Sjálfbærni og að minnka matarsóun er nokkuð sem mörg heimili vinna að. Minna er að leikskólar fari þá leið en það er að aukast. Það er oft erfitt þegar margir starfsmenn koma að og eldhúsin eru að elda mat fyrir marga og jafnvel senda mat yfir í önnur hús. Sem betur fer eru fleiri og fleiri leikskólar með lífrænt sorp sem er svo fjarlæggt af gámafyrirtækjum en best væri ef hægt væri að nýta matarafganga á staðnum.

Heilsuleikskólinn Urðarhóll er sex deilda leikskóli í Kópavogi og er starfræktur í þremur húsum. Skólinn er við Kópavogsbraut þar sem dvelja 83 börn og í Stubbaseli, sem er hús á lóð skólans dvelja 19 börn og í þriðja húsinu eru 29 börn en það er við Skólatróð. Í heildina dvelja því 131 barn í skólanum.

Markmið Heilsuleikskólans Urðarhóls eru að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

#### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

**Markmið okkar var að minnka matarsóun í leikskólanum og auka ábyrgð í innkaupum og neyslu. Ná samvinnu með fjölskyldum barnanna til að vekja upp ábyrgð á eigin neyslu. Kenna börnunum hringrás og sjálfbærni náttúrunnar.**

#### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.**

Við fórum þá leið að allar deildir vigtuðu afganga eftir hádegismatinn og skráðu niður. Vigtað var það sem fór á disk barnanna og þau kláruðu ekki. Vigtað var það sem fór úr eldhúsinu á matarborðið á deildinni og var ekki borðað. Að lokum var vigtaður sá matur sem fór ekki úr eldhúsi og var í afgang eftir matmálstíma í leikskólanum.

Til að auka sjálfbærni fórum við í gang með að fá okkur hænur sem myndu borða matarafgangana sem annars færu í lífræna sorpið og þær myndu færa okkur egg að launum sem nýtt væri á leikskólanum. Til að framkvæma það sóttum við um efnisstyrk til fyrirtækja og fengum við flísar á hænsnakofann frá Álfaborg, timbur og fleira til að girða frá Byko og þakplötur á kofann frá Metal. Eigum við þessum fyrirtækjum miklar þakkir fyrir stuðninginn.


Til að ná samvinnu með fjölskyldum barnanna kynntum við verkefnið fyrir þeim. Við auglýstum á meðal foreldra eftir aðstoð við að útbúa aðstöðu fyrir hænurnar. Það varð úr að í nokkur skipti mættu vaskir foreldrar til okkar að flísaeggja, girða og smíða. Ómetanlegt að hafa svona frábæran foreldrahóp. Sex hænur komu svo til okkar 6.október 2020 og fyrsta eggjið fengum við 19 desember 2020. Börnin og fjölskyldur þeirra hugsa svo um hænurnar um helgar og í fríum og þiggja egg að launum.

Til að kenna börnunum hringrás og sjálfbærni náttúrunnar nýttum við hænurnar mikið og höfðum hænupema um haustið. Hvað borða hænur, hvað gefa þær okkur? Það er ekki bara egg, einnig kjöt. Við ræktuðum okkar eigið grænmeti og elduðum með börnunum og börnin fóru einnig heim með papriku eða tómataplöntu til að rækta.





Haugánar er sérstök tegund af ánamöðkum sem éta matarafanga. Við vorum svo heppin að okkur voru gefnir nokkrir og nú hafa þeir fjölgað sér, eru í kassa og fá matarafanga frá okkur og í staðinn fáum við fína mold í staðinn frá þeim.



**Frávik miðað við áætlun verkefnisins.** Voru engin. Við teljum okkur hafa haldið áætlun og náð markmiðum okkar.

**Hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.** Það komu ekki margar hindranir. Covid-19 setti stein í götu okkar hvað varðar fundi með foreldrum sem ekki máttu koma eins oft inn í leikskólabygginguna. Að auki var leyfi fyrir hæsnahaldi á leikskólalóð umfangsmeira en við bjuggumst við í upphafi en það hafðist. Úrgangurinn frá hænunum varð meiri en við hugsuðum fyrir en núna erum við búnar að útbúa safnkassa á lokuðu svæði sem við setjum allt í.





## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða**

**samhliða verkefnisvinnu.** Verkefnið hefur haft mikil og jákvæð áhrif á leikskólanum. Samvinna foreldra hefur aukist. Smíðavinnan við hæsnagerðið auk þess að börnin og fjölskyldur þeirra sjá um hænurnar um helgar og þiggja egg að launum. Matarsóun hefur minnkað og innkaup úr eldhúsi hafa minnkað. Að auki hefur lífrænt sorp frá leikskólanum minnkað. Kennarar skólans segjast vera mun meira vakandi um matarsóun á leikskólanum og umræðan um það við börnin hefur aukist og börnin meðvitaðri um hvaðan kemur maturinn.

## **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

### **Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild**

Verkefnið hefur haft þó nokkur áhrif á skólastarfið en á jákvæðan máta. Kennarar og börn eru meðvitaðri um matarsóun, ræktun á grænmeti er fastur liður í starfinu, að gæta hænanna á deildum er í skipulagi hverrar deildar.

## **Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.**

### **Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.**

**Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?** Við teljum markmiðin hafa náðst. Lífrænt sorp sem var sent í burtu hefur minnkað. Bæði vegna þess að hænur og ormar taka við afgangsmat en einnig vegna þess að börn og starfsfólk er meðvitaðra hversu mikinn matur fer á diskinn og reyna að klára í stað þess að henda. Matráður leikskólans eldar minna og innkaup hafa aðeins minnkað

**- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?** Við munum halda áfram með verkefnið innan skólans enda mikil ánægja meðal kennara, barna og foreldra í skólanum

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.** Á starfsdegi kennara verða niðurstöður kynntar. Auk þess verður verkefnið og niðurstöður þess kynntar fyrir foreldrum á kynningarfundum

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um.** Við erum ákaflega þakklát fyrir úthlutun á styrknum til okkar til að gera okkur kleift að koma þessu verkefni í gang. Því er við að bæta að núna í maí 2021 fengum við Foreldraverðlaun Heimilis og Skóla vegna verkefnisins.

Dagsetning: 31. maí 2021

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóli